



## **NORÐURÞING**

# Samþykkt um Ungmennaráð Norðurþings

### **1. Markmið**

Samkvæmt 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 skulu sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð en markmiðið er að gefa ungmönnum kost á því að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

### **2. Skipan**

Ungmennaráð er skipað 5 fulltrúum.

Sveitastjórn Norðurþings skipar í ungmennaráð í upphafi skólaárs að fengnum tilnefningum frá fjölskylduráði.

- Nemendafélög Grunnskólans á Raufarhöfn og Öxarfjarðarskóla tilnefna 1 fulltrúa og 1 til vara.
- Nemendafélag Borgarhólsskóla á Húsavík tilnefnir 1 fulltrúa í ráðið og 1 til vara.
- Nemendafélag Framhaldsskólans á Húsavík tilnefnir 2 fulltrúa og 1 til vara.
- Tilnefndur skal 1 fulltrúi ungmenna á vinnumarkaði og 1 til vara.

Varamenn eru boðaðir á alla fundi og mega sitja þá líkt og aðalmenn. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt að því undanskyldu að hann sitji í fjarveru aðalmanns.

Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og eru á aldrinum 14 til 25 ára.

Skipunartími ráðsins er eitt ár í senn.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi er tengiliður sveitarfélagsins við ungmennaráð. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar ásamt forstöðumönnum félagsmiðstöðva á starfssvæðinu.

### 3. Starfsfyrirkomulag

Um fundi og um fundarsköp ungmennaráðs gilda samþykktir sveitarfélagsins Norðurþings um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp nr.670/2022.

Að afstöðnum tilnefningum í ungmennaráð boðar íþróttá og tómskundafulltrúi til fyrsta fundar ráðsins.

Ungmennaráð kys sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

Laun aðalmanna eru þau sömu og í öðrum fastanefndum Norðurþings.

Formaður boðar fund í samráði við Íþróttá- og tómskundafulltrúa.

Fundargerðir skulu lagðar fram í fjölskylduráði til samþykktar. Fjölskylduráð vísar málum ungmennaráðs áfram til viðeigandi nefnda.

Stefnt skal að því að funda eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á starfstímanum.

Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn Norðurþings einu sinni á hverju starfsári, að jafnaði í febrúarmánuði. Fundur með sveitarstjórn skal undirbúinn í samráði við sveitarstjóra.

Sveitarfélagið leggur til fundaraðstöðu.

### 4. Hlutverk

- Ungmennaráðinu er ætlað að vera umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna í Norðurþingi.
- Koma til skila tillögum og skoðunum ungmenna til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Að vera sveitarfélaginu til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og gegnsærri.
- Auka tengsl fulltrúa ungmenna og yfirvalda sveitarfélagsins.
- Að gæta hagsmuna ungs fólks og vera málsvari þeirra á opinberum viðburðum eins og ungmennahring og farsældarþing.
- Að þjálfa ungmenni sveitarfélagsins í lýðræðislegum vinnubrögðum

*Samþykkt á 173.fundi fjölskylduráðs Norðurþings 9. janúar 2024*

*Samþykkt á 141.fundi sveitarstjórnar Norðurþings 18.janúar 2024*